

Föstudaginn 19. maí 1995.

Nr. 133/1995.

Jón Valentínusson

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Jan G. Davidsson

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjunarfjárhæð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. apríl 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 3. mgr. 95. gr. laga um aðför nr. 90/1989, sbr. 3. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. apríl 1995 um staðfestingu á fjárnámi sýslumannsins í Reykjavík frá 12. janúar 1995 í hluta fasteignarinnar að Laugavegi 8 í Reykjavík. Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða aðfarargerð verði ógilt. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt hinum kærða úrskurði er heimilað fjárnám hjá sóknaraðila fyrir kröfu varnaraðila, að fjárhæð 174.253 krónur auk vaxta og kostnaðar. Eru því ekki uppfyllt skilyrði 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem beitt verður um málskot þetta, sbr. 4. mgr. 150. gr. sömu laga og 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989, sbr. og dóm Hæstaréttar frá 19. maí 1994 í málinu nr. 176/1994. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Jón Valentínusson, greiði varnaraðila, Jan G. Davidsson, 30.000 krónur í kærumálskostnað.